

# Umsögn

20. nóvember 2023



Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis  
Skrifstofa Alþingis  
150 Reykjavík

## **Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um þjóðaráttak í landgræðslu og skógrækt**

Landgræðslunni barst þann 9. nóvember sl. rafpóstur frá umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis. Meðfylgjandi rafpósti þeim var tillaga til þingsályktunar um þjóðaráttak í landgræðslu og skógrækt, 61. mál. Óskað var umsagnar stofnunarinnar og til þess veittur frestur til 23. nóvember. Landgræðslan hefur kynnt sér tillöguna og byggir umsögn stofnunarinnar á lögum um landgræðslu nr. 155/2018, einkum er lýtur að því að vernda, endurheimta og bæta þær auðlindir þjóðarinnar sem fólgnar eru í gróðri og jarðvegi og tryggja sjálfbær nýtingu lands.

Þá er og í þessu sambandi horft til stefnu stjórnvalda og framtíðarsýn í landgræðslu og skógrækt, Land og líf - landgræðsluáætlun og landsáætlun í skógrækt.

Fyrirliggjandi þingsályktunartillaga hljóðar svo

*Alþingi ályktar að fela umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra í samráði við matvælaráðherra að koma fyrir lok árs 2024 á samstarfi stjórnvalda, bænda, Lands og skógar, atvinnulífs og almennings sem miði að því að auka þátttöku almennings í kolefnisbinaingu með landgræðslu og skógrækt með þjóðaráttaki þess efnis.*

Um er að ræða þingsályktunartillögu sem nú er flutt, í aðeins breyttu formi þó, í fimmta sinn. Áður var tillagan flutt á 150., 151., 152. og loks 153. þingi.


Landgræðslan vísar í umsögn sína frá 19. mars 2020 um sama málefni (mál 365 á 150. þingi). Landgræðslan telur að þau málefni sem fyrirliggjandi þingsályktun er ætlað að tryggja – að teknu tilliti til þeirra breytinga sem á henni hafa orðið í gegnu árin – bæði brýn og nauðsynleg.

Landgræðslan leggur til að fyrirbyggjandi þingsályktunartillaga verði samþykkt, nú þegar hún er lögð fram í fimmta sinn.

2

Virðingafyllst

f.h. Landgræðslunnar



Birkir Snær Fannarsson  
landgræðslustjóri.